

Ar 1973, laugardaginn 30. júní, var í málinu nr. 15/1973  
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

#### ÚRSKUR ÓUR:

Málavextir eru þeir, að við álagningu fasteignaskatts  
árið 1972, lagði hreppsnefnd Laugardalshrepps í Arnessýslu  
skatt á hlunnindi Apavatns II, þar í sveit, 4% af fasteignamats-  
verði hlunnindanna, sem í aðalmati eru metin á 300 þús. krónur.  
Því vildu eigendur fasteignar þessarar ekki una og rituðu hrepps-  
nefnd Laugardalshrepps bréf af því tilefni, sem dagsett er  
25. janúar 1973. A fundi, 2. febrúar s.á., hafnaði hreppsnefndin  
beiðni bréfritara um, að skatturinn yrði felldur niður.

Með bréfi, dags. 7. mars 1973, er sú beiðni lögð fyrir  
Yfirlasteignamatsnefnd af hálfu Ágústs Guðmundssonar f.h. eigenda  
Apavatns II, að ofangreindur fasteignaskattur af hlunnindum  
nefndrar fasteignar verði felldur niður. Er á það bent í bréfinu,  
að skattur þessi sé ekki réttlátur og ekki eigi heldur við þau  
lög, er komið hafi til framkvæmda 1972, um gjaldskyldu utansveitar-  
manna vegna hlunninda. Nánari greinargerð fyrir ýmsum atriðum eru  
í bréfi þessu.

Samkvæmt framansögju, kemur hér aðeins til úrlausnar, hvort  
hreppsnefnd Laugardalshrepps hafi verið heimilt að leggja 4% fast-  
eignaskatt á hlunuindi Apavatns II, sem í aðalmati eru metin á  
300 þús. krónur. Lokamálsgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 er svohljóð-  
andi: „Auk þess skatts, sem um meðir í 2. og 3. mgr. þessarar  
greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem  
eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra”.  
Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, eru eigendur Apavatns II  
ekki búsettir í Laugardalshreppi, og ekki hefur fasteign þessi  
verið fengin öðrum til ábúðar. Eiga WM framangreind ákvæði 3. gx.  
laga nr. 8/1972 því við, og er skattlagning af hálfu Laugardal-  
shrepps innan þeirra marka, sem þar eru sett. Lagareglu þessari  
hefur ekki verið hnekt af dómstólum og ber því að leggja hana til  
grundvallar í mali þessu. Samkvæmt því, er niðurstaðan sú, að  
Laugardalshrepp hafi verið heimilt að leggja 4% fasteignaskatt á  
hlunnindi Apavatns II í Laugardalshreppi.

#### ÚRSKURÐARORD

Eigendum fasteignarinnar Apavatns II í Laugardalshreppi, er  
skylt að svara 4% fasteignaskatti fyrir árið 1972 af hlunnindum  
fasteignarinnar, að fasteignamati kr. 300 þús. krónur.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson